


Nr.: VLR 048VLR-048	<b>02 Verklagsregla</b>	 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
Útgáfa: 0.29		
Dags.: 28.01.2020	VLR-048 Umsókn vegna skipulagðra viðburða, kvikmyndatöku, auglýsingagerðar o.þ.h_DRÖG	
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir		
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 1 af 4		


## 1. Tilgangur og gildissvið


Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 300/2020 skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, viðburða og samkomuhalds. Sjá einnig 15. gr. b. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

Sækja þarf um leyfi þjóðgarðsvarðar ef viðburður og/eða verkefni kallar á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum. Dæmi um slíkt eru kvikmyndataka, auglýsingagerð, listviðburðir, samkomuhald, íþróttaviðburðir o.þ.h. Um umsókn um leyfi vegna rannsókna innan þjóðgarðsins gildir verklagsregla VLR-047 *Umsókn um rannsóknarleyfi*.

Tilgangur verklagsreglunnar er að upplýsa umsækjanda um þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og umsóknargagna og hvaða kröfur þarf að uppfylla til að leyfi fái útgefið. Þá er jafnframt tilgangur verklagsreglunnar að kynna fyrir umsækjanda það verklag sem viðhaft er við móttöku og meðferð umsókna innan stjórnýslu Vatnajökulsþjóðgarðs.

## 2. Framkvæmd



Nr.: VLR 048VLR-048	<b>02 Verklagsregla</b>	
Útgáfa: 0.29		
Dags.: 28.01.2020		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-048 Umsókn vegna skipulagðra	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson	viðburða, kvikmyndatöku, auglýsingagerðar o.p.h_DRÖG	
Síða 2 af 4		

### 3. Umsókn og umsóknargögn

Sá sem óskar eftir leyfi vegna framangreindra viðburða eða verkefna skal fylla út rafræna umsókn sem er aðgengileg er á vef Vatnajökulsþjóðgarðs [www.vjp.is](http://www.vjp.is), undir Mínar síður. Í umsókninni skal koma fram lýsing á þeim viðburði/verkefni sem óskað er leyfis fyrir, og eftir atvikum upplýsingar um áætlaðan fjölda gesta og starfsmanna, fyrirhugaða aðstöðu og tækjabúnað, tímasetningu viðburðar/verkefnis og tímalengd og staðsetning og stærð svæðis þar sem óskað er eftir að viðburður/verkefni fari fram. Sækja skal um leyfi a.m.k. 30 dögum fyrir fyrirhugaðan viðburð/verkefni og fyrir ef aðstæður og umfang krefjast.


Umsækjandi skal með umsóknargögnum sýna fram á að viðburðurinn/verkefnið sem óskað er leyfis fyrir samræmist ákvæðum laga um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og að ekki sé hætt á spjöllum á náttúru, menningarminjum eða mannvirkjum þjóðgarðsins. Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs leiðbeina umsækjanda um hvaða gögn skulu fylgja umsókn og geta ávallt óskað eftir að lagðar verði fram frekari upplýsingar og skýringar varðandi framkvæmd og fyrirkomulag.

Í atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs er sett fram sú stefna að umsóknir um leyfi feli í sér öflun upplýsinga m.a. um tegund og umfang starfsemi, hvar hún fari fram, starfsstöðvar þjónustuaðilans og tengiliði auk mats á mögulegum áhrifum starfseminnar á umhverfið og aðra gesti. Ósk um upplýsingagjöf umsækjanda getur komið til vegna þessarar gagnasöfnunar.

### 4. Meðferð umsókna

Umsækjandi fær senda staðfestingu á móttöku umsóknar um leið og hún hefur borist þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður á viðkomandi svæði ber ábyrgð á meðferð málsins og afgreiðslu umsókna. Telji þjóðgarðsvörður að upplýsingar vanti hefur hann samband við umsækjanda eins fljótt og unnt er og óskar eftir frekari gögnum og upplýsingum. Þjóðgarðsvörður getur óskað hvers konar upplýsinga og skýringa vegna umsóknarinnar. Samskipti við umsækjanda fara fram í gegnum umsóknarvef (mínar síður). Ef gögn berast ekki innan þess frests sem gefinn er fær umsækjandi tilkynningu um lok málsins. Vatnajökulsþjóðgarður svarar umsóknum eins fljótt og kostur er og ekki síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst.

Þjóðgarðsvörður tekur ákvörðun um veitingu leyfis með hliðsjón af öryggissjónarmiðum, áhrif á daglega starfsemi og gesti þjóðgarðsins, verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og stjórnunar- og verndaráætlun. Um mat á umsóknum gilda um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð, náttúruverndarlög nr. 60/2013 og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Við meðferð máls er stjórnsýslulögum nr. 37/1993 fylgt. Ef mat á umsókn leiðir til þess álits þjóðgarðsvarðar og matsnefndar þjóðgarðsins að viðburðurinn/verkefnið samræmist ekki framangreindum sjónarmiðum, ákvæðum hlutaðeigandi laga og reglugerða, stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eða ef þjóðgarðsvörður telur að starfsemin muni valda spjöllum eða raska lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan þjóðgarðsins, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, er umsækjanda sent bréf þar sem honum er gefinn kostur á að koma að

Nr.: VLR 048VLR-048	<b>02 Verklagsregla</b>	
Útgáfa: 0.29		
Dags.: 28.01.2020		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-048 Umsókn vegna skipulagðra	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson	viðburða, kvikmyndatöku, auglýsingagerðar o.p.h_DRÖG	
Síða 3 af 4		

athugasemdom og frekari gögnum. Leiði svör umsækjanda ekki til breytinga á álitni þjóðgarðsvarðar er umsækjanda sent annað bréf þar sem umsókn er synjað.

Ef þjóðgarðsvörður kemst að þeirri niðurstöðu að veita eigi umbeðið leyfi er umsækjanda send tilkynning á umsóknarvef og krafa stofnuð í greiðslugátt. Tekið er gjald fyrir útgáfu leyfis samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 420/2019 um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

Pegar leyfisgjald er greitt er útbúið leyfisbréf þar sem umbeðinn viðburður/verkefni er heimilað. Setja má þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem talin er þörf á, svo sem um umgengni og takmarkanir og skulu þau tilgreind í leyfisbréfi.

Útgefin leyfi eru birt á vef Vatnajökulsþjóðgarðs.

## 5. Skyldur leyfishafa og eftirlit með framkvæmd


Leyfishafi skal hafa leyfisbréf tiltækt á vettvangi þess viðburðar/verkefnis sem heimilað hefur verið og framvísa því við starfsmenn þjóðgarðsins ef þess er óskað.

Leyfishafa ber að fylgja skilmálum leyfis og kynna sér og virða ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð, ákvæði reglugerðar um þjóðgarðinn, umgengnisreglur, svo og ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar. Leyfishafi, starfsfólk hans og gestir á hans vegum skulu ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar og sýna ýtrustu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

Hlíta ber fyrimælum þjóðgarðsvarða og annarra starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðsverði er heimilt að stöðva starfsemi leyfishafa ef sýnt þykir að hún geti og/eða hafi haft neikvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar og mannvirki þjóðgarðsins og er jafnframt heimilt að vísa leyfishafa, starfsfólki hans eða gestum á hans vegum úr þjóðgarðinum brjóti viðkomandi gegn ákvæðum laga um Vatnajökulsþjóðgarð eða reglugerðar þjóðgarðsins. Brot gegn lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Þjóðgarðsvörður og annað starfsfólk þjóðgarðsins í umboði hans hafa eftirlit með því að leyfishafi virði skilyrði leyfisins og ákvæði þeirra laga og reglugerða sem gilda um framkvæmd viðburðarins/verkefnisins, sbr. 3. tl. 10. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Leyfishafa ber að veita þjóðgarðsverði allar þær upplýsingar og gögn sem þjóðgarðsvörður telur þörf á til að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Heimilt er að hafa eftirlitsmann á vettvangi telji þjóðgarðsvörður þess þörf vegna verndunarsjónarmiða og skal það þá tilgreint í leyfisbréfi. Leyfishafi greiðir fyrir það samkvæmt gjaldskrá. Ef leyfishafi brýtur ákvæði leyfisbréfs fellur leyfið úr gildi.

Nr.: VLR 048VLR-048	<b>02 Verklagsregla</b>	
Útgáfa: 0.29		
Dags.: 28.01.2020		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-048 Umsókn vegna skipulagðra	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson	viðburða, kvikmyndatöku, auglýsingagerðar o.p.h_DRÖG	
Síða 4 af 4		

## 6. Tilvísanir

- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007.
- Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 300/2020
- Reglugerð um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, nr. 420/2019.
- Náttúruverndarlög nr. 60/2013.
- Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.
- Upplýsingalög, nr. 140/2012.
- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 24. júní 2019.
- Verklagsreglur nr. VLR-047 *Umsókn um rannsóknarleyfi.*